

Rótarýklúbburinn Borgir, skýrsla stjórnar 2013 – 2014.

Flutt á stjórnarskiptafundi 21. júní 2014.

Stjórn klúbbsins starfsárið 2013 - 2014, þ.e. Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir ritari, Rannveig Guðmundsdóttir gjaldkeri, Ragnar Th. Sigurðsson stallari og Magnús Jóhannsson verðandi forseti, auk undirritaðrar, hefur starfað þétt saman þetta ár. Fyrri stjórn, svo og Marteinn Sigurgeirsson hafa aðstoðað og hlaupið í skarðið fyrir stjórnarmenn þegar á hefur þurft að halda.

Stjórnin hóf störf í mars 2013, og hefur haldið 9 bókaða stjórnarfundum á árinu, flesta í upphafi starfsársins, auk fjöldan allan af óformlegri fundum. 42 félagsfundir hafa verið haldnir, 39 fundir á hefðbundnum fundarstað í safnaðarheimili Kópavogs og 3 fundir af bæ.

Í upphafi starfsársins kom stjórnin á fót rafrænum og miðlægum gagnagrunni sem er vistaður í dropboxi, og hefur það reynst afar vel. Þar eru öll skjöl og gögn sem skipta máli vistuð, og mun næsta stjórn halda áfram notkun hans. Gagnagrunnar á heimasíðunni okkar og á alþjóðasíðu Rótarý voru einnig yfirfarnar og þeim síðan haldið við. Ólöf Þorvaldsdóttir var fengin til að hanna bréfsefni og grunn fyrir viðurkenningarskjöl með lógói klúbbsins, en það hannaði hún í upphafsárum hans.

Snemma á starfsárinu var haldið klúbbþing þar sem línurnar voru lagðar fyrir áframhaldandi starf og framtíðarsýn mótuð. Í ljós kom að flestir vildu halda starfinu áfram eins og áður, með smávægilegum áherslubreytingum. Í kjölfarið var lestur fundargerða stytur o.fl. Á klúbbþinginu komu fram hugmyndir að nýjum verkefnum, og hefur verkefnanevnd unnið að framgangi þeirra. Þau nýju verkefni sem ákveðið var að ráðasti í á þessu starfsári voru samstarf við Fjölsmiðjuna og Hrafninn, sem er tómstundaheimili fyrir fjölfötluð börn hér í Kópavogi. Þessi verkefni eru í mótnun, en 12 júní sl. var Hrafninum veittur styrkur til kaupa á Ipad fyrir heimilið.

Auk þessara nýju verkefna þá hélt klúbburinn áfram með eldri verkefni, s.s. að halda hátíð í hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð á sumardaginn fyrsta og styrkja afburðanemendur á verknánmssviði í Menntaskólanum í Kópavogir 2 sinnum á ári. Auk þessa styrkti klúbburinn verkefni í Tónlistarskóla Kópavogs, Skólahljómsveit Kópavogs o.fl. Í staðinn hefur klúbburinn fengið nemendur á fundi til að spila og syngja þannig að allir hafa notið góðs af. M.a. mætti heil lúðrasveit á fund einn morguninn í haust og vakti félagar hressilega! Einnig lagði klúbburinn um 400.000,- krónur í Rótarýsjóðinn, Annual fund, þ.e. rúmlega 40\$ á mann. Klúbburinn hefur fengið fleiri beiðnir um styrki en hann hefur getað orðið við.

Rotarýklúbbar eru starfsgreinaklúbbar. Auk þess að leita eftir breidd í starfsgreinum hefur klúbburinn nú þá stefnu að halda félagafjölda sem næst 80, að hafa kynjahlutföll sem jöfnust og að við inntöku nýrra félaga skuli gætt að því að meðalaldur í klúbbum lækki. Á þessu starfsári voru teknir inn 2 nýjir félagar og 1 flutti sig úr öðrum klúbbi, en á sama tíma sögðu 5 félagar sig úr klúbbum sökum annara anna. Í klúbbum eru nú 83 félagar þar af 1 heiðursfélagi. Konur eru 40 og karlar 43.

Félagsgjöld voru hækkuð í kr. 7000,- frá og með síðustu áramótum, en þau eru samt ein þau lægstu á landinu, þegar litið er til þess að kostnaður við fundi og morgunverður er innifalinn. Uppgjör ársins verður lagt fram í haust að vanda og gerir stjórn ráð fyrir að áætlun hennar frá sl. hausti haldi í meginatriðum.

Burðarásinn í starfi klúbbsins hefur verið eins og áður, erindin sem haldin eru á fundum og hinar 14 nefndir klúbbsins sjá um. Sl. ár hefur verið óvenju mikil áhersla á félagsmál og heilsu, sem endurspeglar etv. áherslur samfélagsins, en að vanda var einnig fjallað um aðskiljanlegustu efni, auk þess sem félagar hafa kynnt starfsgreinir sínar.

Til viðbótar því að útvega fyrirlesara á 2 – 3 fundi á starfsárinu hafa nefndirnar sinnt ýmsum verkefnum. Sem dæmi þá hefur ritnefnd mótað stefnu um skjalavistun, komið skjalasafni klúbbsins í örugga vörslu Héraðsskjalasafns Kópavogs, séð um heimasíðuna og er auk þes að vinna að endurútgáfu félagatalsins. Starfsþjónustunefnd hefur séð um heimsóknir í aðra klúbba m.m., tólmstundanefnd um golfmót, ungmennanefnd um aðstoð og samskipti við rotarackklúbbinn Geysi, ferðanefndirnar hafa skipulagt ferðalög, jeppaferð féll reyndar niður sl. haust vegna aftakaveðurs, Skotlandsferð er á áætlun næsta haust og hefur fjöldi félaga ásamt mökum skráð sig í þá ferð, rótarýsjóðsnefnd sá um fjáröflun fyrir Rótarýsjóðinn, menningarmálanefnd um óperuferðir og skemmtinefnd hefur verið allt um lykandi og passað uppá að við fengjum gammel dansk og kampavín með reglulegu millibili, svo nokkuð sé nefnt af starfi nefndanna. Marteinn hefur að vanda verið sérlegur ljósmyndari klúbbsins. Nokkrir félagar eru í embættum hjá rótarýumdæminu og eins á klúbburinn fulltrúa í fulltrúaráði Sunnuhlíðar.

Annar reglulegur og afar mikilvægur dagskrárliður á fundum eru 3. mín. erindin þar sem félagar fá að skyggast inn í líf klúbbfélaga og hefur Magnús stjórnað þessu af myndarskap. Í ár var temað „ háski sem ég hef lent í“ og m.v. frásagnirnar er það eiginlega hreint kraftaverk hvað það eru margir á lífi í klúbbnum.

Á árinu fékk klúbburinn ýmsa góða gesti í heimsókn, umdæmisstjóri kom að vanda, myndarlegur hópur frá Rotarý Rvk. austurbær kom á einn fundinn og í júní kom skemmtilegur fyrirlesari frá USA – eftir mikið plott og leynd þar sem um óvissuferð hans var að ræða! Í des. sl. var haldið aðventuhóf á hótél Hilton og í lok maí var klúbbnum boðið á Kjóavelli til hestamannafélagsins Spretts og var það afar ánægjuleg heimsókn. Uppskeruhátíð ársins er svo stjórnarskiptafundurinn 21. júní, haldinn í HK heimilinu í Fossvogsdal.

Þessi samantekt er ekki tæmandi, en allar fundargerðir eru á heimasíðu klúbbsins og þar er hægt að kynna sér starf hans nánar.

21. júní 2014, f.h. stjórnar,

Málfríður Klara Kristiansen,
forseti 2013 – 2014.